



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Leiðbeinandi tilmæli

nr. 3/2014

um áhættustýringu og starfssvið tryggingastærðfræðings hjá váttryggingafélögum

Gefin út á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

22. maí 2014

Inngangur

Fjármálaeftirlitið gefur hér með út ný leiðbeinandi tilmæli um áhættustýringu og starfssvið tryggingastærðfræðings hjá váttryggingafélögum. Hluti tilmælanna er byggður á grunni leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2011 um áhættustýringu váttryggingafélaga en gerðar eru á þeim nokkrar breytingar.

Breytingarnar eru fyrst og fremst til komnar vegna leiðbeinandi tilmæla EIOPA um stjórnkerfi (e. Guidelines on System of Governance), en samkvæmt Solvency II tilskipuninni¹ er áhættustýring ein af grunnstoðum stjórnkerfis váttryggingafélaga. Áðurnefnd tilmæli EIOPA eru hluti af nokkrum tilmælum sem sett voru í þeim tilgangi að virkja eftirlitsstjórnvöld og váttryggingafélög í undirbúningi Solvency II, svokölluð undirbúningstilmæli (e. preparatory guidelines). Markmið þessara tilmæla Fjármálaeftirlitsins er því fyrst og fremst að stuðla að viðeigandi undirbúningi váttryggingafélaga fyrir gildistöku Solvency II.

Gerðar hafa verið þó nokkrar einfaldanir á eldri tilmælunum, þar sem m.a. er einblínt á stýringu eftirfarandi 6 áhættuþátta:

- a. Váttryggingaáhættu
- b. Markaðsáhættu, þ.á m. eigna- og skuldastýringu
- c. Mótaðilaáhættu
- d. Lausafjáraáhættu
- e. Rekstraráhættu
- f. Eiginfjáraáhættu (sem er nýjung í þessum tilmælum)

Þrátt fyrir að sérstök tilmæli vegna stefnumótunar-, samþjöppunar- og orðsporsáhættu hafi verið tekin út, er lögð áhersla á að váttryggingafélög setji sér stefnu um aðra áhættuþætti en þá sem sérstaklega er fjallað um í tilmælunum, ef þeir eru mikilvægir fyrir starfsemi félagsins. Einnig eru tvær viðbætur í þessum tilmælum: starfssvið tryggingastærðfræðings og skil á gögnum.

Starfssvið tryggingastærðfræðings er hluti af stjórnkerfi váttryggingafélags samkvæmt Solvency II. Hlutverk starfssviðs tryggingastærðfræðings er að sjá um útreikning váttryggingaskuldar, bera ábyrgð á gæðum gagna sem nýtast við útreikninginn, veita ráðgjöf um áhættutöku og endurtryggingavernd og gefa skýrslu um starf sitt til stjórnar félagsins. Tilmælin kveða á um að váttryggingafélögin undirbúi að starfssvið með þetta hlutverk sé til staðar hjá félaginu.

Annar hluti undirbúningstilmæla EIOPA fjallar um skil á gögnum (e. Guidelines on Submission of Information to National Competent Authorities). Þar sem mikilvægt er að áhættustýring váttryggingafélags gefi af sér upplýsingar um stöðu félagsins, hefur Fjármálaeftirlitið felld tilmæli um gagnaskil inn í þessi leiðbeinandi tilmæli, en skjöl með nánari leiðbeiningar um gagnaskilin fylgja þessum tilmælum.

Við innleiðingu þessara tilmæla þarf að taka tillit til hlutfallsreglu (e. proportionality), þ.e. stærðar hvers váttryggingafélags, eðlis og margbreytileika. Í tilmælunum er lögð áhersla á ábyrgð og skyldur stjórna og forstjóra váttryggingafélaga.

Tilmælin eiga eingöngu við um þau váttryggingafélög sem falla munu undir gildissvið Solvency II.

¹ Tilskipun 2009/138/EB, með síðari breytingum.

Leiðbeinandi tilmæli um áhættustýringu og starfssvið tryggingastærðfræðings hjá vátryggingafélögum

I. KAFLI

1 Samhæfð áhættustýring

1.1 Almenn

1. Starfsemi vátryggingafélaga byggist á því að draga úr og dreifa áhættu vegna ófyrirsjáanlegra fjárhagslegra tjóna sem einstaklingar og fyrirtæki (vátryggingartakar og vátryggðir) geta orðið fyrir. Því er yfirgripsmikil þekking á tegundum áhættu, einkennum þeirra og tengslum ásamt uppruna áhættu og áhrifum hennar nauðsynleg vátryggingafélögum.
2. Samhæfð áhættustýring (e. enterprise risk management) byggist á því að tilgreina, meta, mæla, stýra og milda áhættu með hliðsjón af starfsemi vátryggingafélags eða samstæðu vátryggingafélags í heild.
3. Samhæfð áhættustýring felur í sér sjálfsmat á öllum fyrirsjáanlegum áhættum. Ákvarðanir varðandi áhættustýringu þurfa að vera samhæfðar til að hámarka hagkvæmni í rekstri og vátryggingavernd vátryggingartaka og vátryggðra.
4. Í samhæfðri áhættustýringu felst jöfnum höndum viðvarandi áhættustýring til skemmri tíma og áætlanagerð til lengri tíma. Áhættustýringin tekur mið af eðli, stærð og margbreytileika í starfseminni (e. nature, scale and complexity).

1.2 Umgjörð samhæfðrar áhættustýringar

5. Vátryggingafélag ætti að tryggja viðeigandi umgjörð samhæfðrar áhættustýringar sem er í samræmi við eðli, stærð og margbreytileika starfseminnar. Umgjörðin er hluti af starfseminni og endurspeglar alla fyrirsjáanlega áhættuþætti sem vátryggingafélag getur orðið fyrir.
6. Stjórn ber ábyrgð á umgjörð samhæfðrar áhættustýringar og að til staðar séu skilvirkir ferlar og vinnulag.
7. Umgjörðin felur í sér að setja þolmörk á mismunandi tegundir áhættu sem miðast við gjaldþol vátryggingafélagsins og notkun aðferða til mildunar áhættu (e. risk mitigation).

1.3 Rekstur áhættustýringar

8. Stjórn vátryggingafélags ber ábyrgð á að til staðar sé virkt innra eftirlitskerfi í samræmi við eðli, stærð og margbreytileika starfseminnar.
9. Vátryggingafélag ætti að hafa til staðar verkferla er tryggja upplýsingaskipti á milli áhættustýringar og stjórnar, vegna helstu áhættuþátta í starfsemi félagsins og breytingar á þeim.
10. Innan vátryggingafélags ætti að vera skilgreint sérstakt starfssvið sem sinnir áhættustýringu. Framkvæmdin getur falist í skipun áhættustjóra og/eða stofnun sérstakrar deildar og tekur mið af eðli, stærð og margbreytileika starfseminnar. Öllum starfsmönnum ætti að vera ljóst hlutverk sitt í áhættustýringu félagsins.
11. Starfssvið áhættustýringar veitir stjórn vátryggingafélags milliliðalaust og reglulega upplýsingar um ógnir sem teljast verulegar. Starfssviðið veitir upplýsingarnar að eigin frumkvæði eða að beiðni stjórnar.

12. Koma þarf í veg fyrir hagsmunaárekstra vegna áhættustýringar. Innra eftirlit ætti að vera með þeim hætti að ferlar séu til staðar sem lágmarka þá áhættu sem kann að skapast vegna hagsmunaárekstra. T.d. ættu aðrir en áhættustjóri að bera ábyrgð á mælingu árangurs af áhættustýringu.
13. Breytingar á umgjörð áhættustýringar ættu að vera skráðar á viðeigandi hátt, m.a. til að Fjármálaeftirlitið geti sannreynt að umgjörðin þróist í samræmi við breytingar á umhverfi og rekstri váttryggingafélagsins.

1.4 Greining og útreikningur áhættu

14. Eftirfarandi aðferðir má m.a. nota við greiningu og útreikning áhættu:
15. Líkan: Áhrif áhættu er hægt að meta með tölfræðilegum aðferðum eða líkani. Umfang og flækja líkansins tekur mið af eðli, stærð og margbreytileika starfseminnar.
16. Álagspróf: Álagspróf má nota til að mæla áhrif tiltekinna atburða á starfsemi váttryggingafélaga eða til að þróa rekstraráætlanir.

1.5 Áhættustýringarstefna

17. Váttryggingafélag ætti að setja sér stefnu varðandi áhættustýringu þar sem útlistað er hvernig félagið stýrir einstökum tegundum áhættu. Félagið ákveður sjálft til hvaða áhættuþátta stefnan nær og með hvaða hætti áhættu er mæld. Stefnan ætti þó a.m.k. að taka til:
 - a. Váttryggingaáhættu
 - b. Markaðsáhættu, þ.á.m. eigna- og skuldastýringu
 - c. Mótaðilaáhættu
 - d. Lausafjáraáhættu
 - e. Rekstraráhættu
 - f. Eiginfjáraáhættu
18. Stefnan lýsir jafnframt hvernig fylgni á milli einstakra áhættuþátta er mæld og hvernig brugðist skal við atvikum sem leiða af slíkri fylgni.
19. Stefnan lýsir innihaldi og tíðni álagsprófa sem gerð eru vegna áhættustýringar.

1.6 Hámark eigin áhættu og áhættusnið

20. Váttryggingafélag ætti að skilgreina eigin áhættu í viðkomandi áhættuþáttum sem lýsir því og tekur mið af hvað félagið þolir og áhættusniði félagsins.
21. Mörk um eigin áhættu eru byggð á stefnu váttryggingafélagsins, eru notuð á virkan hátt í umgjörð samhæðrar áhættustýringar og við gerð áhættustýringarstefnu.

1.7 Viðbrögð og endurgjöf

22. Áhættustýring váttryggingafélags tekur mið af breytingum á ytra umhverfi og innra skipulagi félagsins.
23. Í umgjörð samhæðrar áhættustýringar felst endurgjöf sem byggir á hlutlægu mati. Með endurgjöf er hér til dæmis átt við reglulega endurskoðun þar sem farið er yfir árangur áhættustýringar og hvað betur megi fara. Endurgjöfin gerir félaginu kleift að bregðast tímanlega við breytingum á samsetningu áhættu.

1.8 Eigið áhættu- og gjaldþolsmat (Own Risk and Solvency Assessment, ORSA)

24. Váttryggingafélag ætti a.m.k. árlega að fara í gegnum eigið áhættu- og gjaldþolsmat (hér eftir ORSA) sem veitir stjórn m.a. upplýsingar um virkni áhættustýringar, fjármagnspörf og núverandi og líklega framtíðarstöðu gjaldþols.

25. Taka ætti tillit til allra viðeigandi áhættuþátta váttryggingafélagsins. Tilgreina ætti samhengið á milli áhættustýringar og magns og gæða fjármuna sem eru til staðar eða þörf er á.
26. Umfang ORSA tekur mið af eðli, stærð og margbreytileika áhættu váttryggingafélagsins.
27. Verði verulegar breytingar á áhættusamsetningu váttryggingafélagsins ætti nýtt mat að vera framkvæmt.
28. Samantekt úr matinu eða eftir atvikum heildarmatið er sent Fjármálaeftirlitinu. Nánari leiðbeiningar um ORSA eru gefnar í tengslum við reglubundin skýrsluskil.
29. Í ORSA felst m.a. að ákvarða heildarfjármagn sem váttryggingafélag þarfnast í rekstri að teknu tilliti til hámarks tekinnar áhættu og rekstraráætlunar. Matið sýnir jafnframt hvernig lögbundnum kröfum um lágmarksgjaldþol er mætt.
30. Áhættustýring miðast við að mæta gildandi kröfum um gjaldþol og lágmarksgjaldþol váttryggingafélags.

1.9 Rekstrarsamfella

31. ORSA felur í sér greiningu á möguleikum váttryggingafélags til að halda áfram rekstri og þeirri áhættustýringu sem nauðsynleg er í þeim tilgangi. Horft er til lengri tíma en eingöngu að tryggja lágmarksgjaldþol til næsta árs.
32. Mikilvægt er að slík greining feli í sér spá um fjárhagslega stöðu til framtíðar.
33. Greiningin ætti fela í sér áætlanir um nýja starfsemi, nýjar aðferðir eða breytingar í verðlagningu. Þá ætti slík greining að fela í sér áætlun um breytingar á ytri þáttum, t.d. hagrænum og lagalegum.
34. Greining á rekstrarsamfellu gerir váttryggingafélagi kleift að tengja núverandi lágmarksgjaldþol við rekstraráætlun sem auðveldar félaginu að uppfylla kröfurnar til framtíðar.

1.10 Frekari ákvæði vegna ORSA

35. Til viðbótar þeim þáttum sem taka þarf tillit til í ORSA koma eftirfarandi atriði til athugunar vegna ORSA á árinu 2015:
 - a. Mat er lagt á það hvort váttryggingafélag uppfylli væntanlegar gjaldþolskröfur Solvency II (e. continuous compliance with regulatory capital requirements).
 - b. Mat er lagt á það hvort áhættusnið váttryggingafélagsins víki verulega (e. significant deviation) frá forsendum staðalformúlu Solvency II.
36. Nánari leiðbeiningar um framkvæmd 35 (a) og (b) verða gefnar út af Fjármálaeftirlitinu í tengslum við reglubundin gagnaskil vegna ársins 2014.

II. KAFLI

2 Stýring einstakra áhættuþátta

2.1 Váttryggingaáhætta

Skilgreining

37. Váttryggingaáhætta er hættan á tapi eða ófyrirséðri hækkun á virði váttryggingaskuldbindinga vegna ófullnægjandi verðlagningar eða mats á

vátryggingaskuld. Vátryggingaáhætta skiptist nánar í líf- og skaðatryggingaáhættu sem skiptist frekar í undirflokk.

Almennt

38. Vátryggingafélag mótar stefnu um vátryggingaáhættu sem tekur til allra þátta sem varða vátryggingarekstur.
39. Í stefnu vegna vátryggingaáhættu ætti eftirtalið a.m.k. að koma fram:
 - a. Einkenni vátryggingastarfseminnar og hvaða áhættu félagið er tilbúið að taka í vátryggingarsamningum.
 - b. Verklag varðandi sölu og áhættumat.
 - c. Hvernig séð er til þess að iðgjöld nægi til að standa undir tjónum og kostnaði.
 - d. Hvernig staðið er að mati á vátryggingaskuld.
 - e. Greining á þeim áhættuþáttum sem leiða af vátryggingaskuldbindingum.
 - f. Hvernig staðið er að útreikningi iðgjalda við hönnun nýrra afurða og með hvaða hætti endurtryggingavernd er skipulögð.
 - g. Hvernig staðið er að afgreiðslu tjóna og komið í veg fyrir hagsmunaárekstra.

2.2 Markaðsáhætta (þ. á m. eigna- og skuldastýring (e. asset-liability management))

Skilgreining:

40. Markaðsáhætta er hættan á tapi eða ófyrirséðri breytingu á fjárhagsstöðu, sem stafar af flökti á markaðsvirði eigna, skuldbindinga og fjármálagerninga.

Almennt:

41. Vátryggingafélag mótar stefnu sem gerir því kleift að stýra á skilvirkan hátt allri markaðsáhættu, þ. á m. áhættu vegna eigna- og skuldastýringar. Endurskoða ætti stefnuna reglulega.
42. Í stefnu um markaðsáhættu ætti eftirfarandi að koma fram:
 - a. Markmið um ávöxtun, gæði, seljanleika og öryggi þess eignasafns sem vátryggingafélagið stefnir að.
 - b. Takmörk á eignaflokka og áhættur, að áhættum utan efnahags meðtöldum, sem félagið setur sér til þess að það nái markmiðum um ávöxtun, gæði, seljanleika og öryggi þess eignasafns sem stefnt er að.
 - c. Markmið um skiptingu fjárfestinga eftir fjárfestingarflokkum.
 - d. Skipting (þ.m.t. háþörk og lágþörk) fjárfestinga á mótaðila, atvinnugreinar, landssvæði, tegundir og gjaldmiðla.
 - e. Undir hvaða kringumstæðum hægt er að lána eða veðsetja eignir.
 - f. Að tekið sé tillit til ytri þátta, t.d. stöðu á fjármálamörkuðum.
 - g. Tengingu við aðra áhættuþætti við óhagstæðar (e. adverse) aðstæður.
 - h. Hvernig upplýsingum um árangur og stöðu eignasafns er miðlað til stjórnar.
 - i. Verklag við samþykki, útfærslu, eftirfylgni og stýringu fjárfestingarákvarðana.
 - j. Hvaða starfsmenn bera ábyrgð á fjárfestingarstefnu.
 - k. Kröfur, fyrirkomulag og háþörk vegna eignastýringar utanaðkomandi aðila.
 - l. Hvernig nýir eignaflokkar eru meðhöndlaðir.
 - m. Hvernig eignir sem mæta eiga vátryggingaskuld eru valdar með hagsmuni vátryggingartaka og vátryggðra að leiðarljósi.
43. Fjárfesti félagið í eignum sem ekki hafa verið teknar til viðskipta á skipulögðum verðbréfamarkaði eða öðrum eignum sem flókið er að verðmeta ætti félagið að koma sér upp ferli sem tryggir viðunandi mat, stýringu, vöktun og eftirlitsaðferðir vegna slíkra eigna. Leggja ætti sérstaka áherslu á að tryggt sé viðunandi eftirlitsumhverfi tengt verðmatsferlinu á slíkum eignum.

44. Kjósi félagið að fjárfesta í afleiðum, eignatengdum verðbréfum (e. asset-backed securities), skuldabréfavafningum (e. collateralised debt obligations), vogunarsjóðum (e. hedge funds) eða sambærilegum óhefðbundnum fjármálaafurðum, ætti fjárfestingarstefnan að tilgreina eftirfarandi:
- Markmið og stefnu við slíkar fjárfestingar þar sem m.a. kemur fram hvernig þessar fjárfestingar eru í samræmi við hömlur á skuldsetningu félagsins og skilvirka eignastýringu og vernd hagsmuna váttryggingartaka og váttryggðra.
 - Áhrif fjárfestingarstarfseminnar á ávöxtun, gæði, seljanleika og öryggi eignasafns félagsins.
 - Getu félagsins til að stýra slíkum fjárfestingum og þekkingu á þeirri áhættu sem í þeim felst.
 - Verklag við að meta áhættu vegna slíkra fjárfestinga og áhrif á áhættusnið félagsins.
45. Noti váttryggingafélag afleiður við áhættustýringu ætti félagið að tryggja viðunandi rökstuðning og skjölun fyrir því hvernig þær stuðli að áhættumildun.
46. Ef fjárfesting eða fjárfestingastarfsemi váttryggingafélags hefur marktæk áhrif á áhættusnið félagsins ætti að vera til staðar fullnægjandi verkferli sem tryggir að áhættustýring upplýsi stjórn félagsins um áhættuna eða breytinguna á áhættusniði félagsins.
47. Stefna váttryggingafélags ætti að taka tillit til samspils eigna og skuldbindinga. Ákveði félagið að heimila misræmi milli eigna og skulda félagsins ætti að lýsa því sérstaklega.
48. Í stefnu vegna eigna- og skuldastýringar ætti eftirfarandi að koma fram að lágmarki:
- Lýsing á því hvernig mat er lagt á misræmi milli eigna og skuldbindinga félagsins, t.d. vegna gjaldmiðla og líftíma.
 - Lýsing á áhættumildunaraðferðum og væntum áhrifum þeirra á eigna- og skuldastýringu.
 - Aðferðafræði eigna- og skuldastýringar ásamt upplýsingum um álagspróf og sviðsmyndagreiningar.
49. Velja ætti eignir þannig að lausafjárstaða sé nógu sterk til að greiða skuldbindingar félagsins á hverjum tíma.
50. Váttryggingafélag ætti að þróa eigin áhættuvísa sem eru í samræmi við stefnu félagsins um markaðsáhættu og rekstur þess. Þá ætti váttryggingafélag að meta áhættuna sem felst í einstökum fjárfestingum án þess að treysta of mikið á lögbundnar gjaldpolskröfur.

2.3 Mótaðilaáhætta

Skilgreining

51. Mótaðilaáhætta er hættan á tapi eða ófyrirséðri breytingu á fjárhagsstöðu, sem stafar af sveiflum á lánshæfi mótaðila. Hér fellur einnig undir hættu vegna sveiflna á lánshæfi útgefanda skuldabréfa (skuldatryggingaálagi) sem fellur undir markaðsáhættu í Solvency II. Um getur verið að ræða eigið mat váttryggingafélagsins á lánshæfi mótaðila eða lánshæfismat útgefið af viðurkenndu lánshæfismatsfyrirtæki.

Almennt

52. Félagið ætti að setja sér stefnu um stýringu á viðeigandi tegundum mótaðilaáhættu, þ. á m. notkun endurtrygginga og fjármálagerninga.

53. Við notkun endurtrygginga og annarra áhættuvarna ætti váttryggingafélagið að greina, meta og skrá virkni þeirra.
54. Váttryggingafélög stýra endurtryggingavernd sinni, bæði hvað varðar stefnu um eigin áhættu og varðandi mótaðilaáhættu endurtryggjanda. Í stefnu varðandi endurtryggingavernd ætti eftirfarandi að koma fram:
- Greining á því hversu mikla áhættu þarf að flytja í samræmi við skilgreind þolmörk váttryggingafélagsins og hvaða tegund endurtryggingaverndar er í bestu samræmi við áhættusnið félagsins.
 - Reglur við mat á endurtryggjendum og ferli við að athuga lánshæfi og áhættudreifingu endurtryggjanda.
 - Ferli við að leggja mat á virkni áhættuflutnings og mat á grunnáhættu (e. basis risk) sem falist getur í því að áhætta vegna kröfu váttryggingafélagsins á endurtryggjanda þróist með öðrum hætti en undirliggjandi áhætta².
 - Hvernig tekið er á lausafjárahættu sem gæti skapast ef greiðsla úr endurtryggingasamningi fæst ekki á sama tíma og greiðsluskylda skapast vegna váttryggingaátturðar.
55. Ákvæði 53. tölul. eiga eftir atvikum við um aðrar tegundir áhættuvarna váttryggingafélags.

2.4 Lausafjárahætta

Skilgreining

56. Í lausafjárahættu felst hættan á að váttryggingafélag hafi ekki yfir nægum fjármunum að ráða eða geti selt eignir í tæka tíð til að mæta skuldbindingum þegar við á.

Almennt:

57. Váttryggingafélög ættu að setja sér stefnu um skynsamlega stýringu lausafjárahættu sem tekur til eftirtalinna atriða:
- Lýsir aðferðum við að meta misræmi milli inn- og útfærðis fjármagns vegna eigna og skulda, að teknu tilliti til vænts fjárstreymis vegna m.a. endurtrygginga, tjóna og váttryggingastofns.
 - Lýsir aðferðum við að meta lausafjáraþörf félagsins til skemmri og lengri tíma með hæfilegu öryggisálagi vegna óvæntra áfalla.
 - Lýsir því hvernig leggja skal mat á áhrif nýrrar starfsemi félagsins.
58. Verklag váttryggingafélags við lausafjárstýringu skal taka mið af því að félagið hafi yfir nægu lausu fé að ráða í daglegum rekstri. Jafnframt skal við áætlanagerð félagsins og við eigna- og skuldastýringu gera ráð fyrir að nægt laust fé sé til staðar til að mæta óvæntum áföllum.
59. Lausafjárstýring skal taka mið af því með hvaða hætti rekstur váttryggingafélags og utanaðkomandi þættir hafa áhrif á laust fé félagsins í nútíð og í framtíð. Jafnframt er mikilvægt að leggja mat á áhrif nýrrar starfsemi félagsins.
60. Þá ætti lausafjárstýring auk þess að taka mið af váttryggingastarfsemi félagsins og væntanlegri þróun fjármálamarkaða, hagkerfisins og regluverks.

² Dæmi um slíka áhættu getur t.d. verið að endurtryggingasamningurinn sé í öðrum gjaldmiðli en undirliggjandi váttryggingasamningur.

2.5 Rekstraráhætta

Skilgreining

61. Undir rekstraráhættu fellur áhætta vegna taps vegna ófullnægjandi eða gallaðra ferla, innri kerfa, starfsmanna eða ytri þátta, s.s. lagalegrar áhættu.

Almennt

62. Vátryggingafélög ættu að setja sér stefnu um rekstraráhættu. Stjórnendum vátryggingafélags ber að vera meðvitaðir um helstu rekstraráhættuþætti sem stýra þarf í félaginu og samþykkja og endurskoða reglulega stefnu félagsins um rekstraráhættu. Stefnan ætti að taka til heildstæðrar skilgreiningar á rekstraráhættu.
63. Stjórnendur vátryggingafélags bera ábyrgð á innleiðingu stefnu um rekstraráhættu. Innleiðingin tekur til allrar starfsemi félagsins og skulu allir starfsmenn vera meðvitaðir um hlutverk sitt í stýringu rekstraráhættu.
64. Vátryggingafélagið leggur mat á alla rekstraráhættu sem felst í starfsemi og kerfum félagsins og á rekstraráhættu sem felst í því að hefja nýja tegund starfsemi eða gera breytingu á kerfum félagsins.
65. Vátryggingafélag heldur skrá utan um rekstraráhættu þar sem frávik eru skráð og greind.
66. Greina þarf bæði innri áhættuþætti (t.d. skipulag félagsins, eðli starfseminnar, mannauð, skipulagsbreytingar og starfsmannaveltu) og ytri áhættuþætti (t.d. breytingar á mörkuðum og tækniþróun) sem geta haft áhrif á starfsemi félagsins. Tilgreina ætti þá þætti starfseminnar sem eru næmastir fyrir rekstraráhættu og hversu viðkvæmt félagið er gagnvart þeim þáttum.
67. Í stefnu um rekstraráhættu ættu a.m.k. eftirfarandi þættir að koma fram:
- Tilgreining á rekstraráhættuþáttum sem felast í rekstri félagsins og hvernig þeim er stýrt.
 - Áhættuþol félagsins vegna helstu þátta rekstraráhættu.
 - Skjölun upplýsingatæknistefna og prófanir á öryggi kerfa, réttmæti gagna, nýjum kerfum og öryggisafritunum. Stefnan tekur til aðgangs að gögnum og öryggis í samskiptaleiðum. Eftirfylgni við þessa stefnu ætti að skoða reglulega.
 - Viðbúnaðaráætlun, sem er prófuð og uppfærð reglulega, þar sem fram kemur hvernig vátryggingafélagið getur haldið áfram starfsemi og lágmarkað tjón við alvarlega truflun á rekstri.
 - Stefna um ráðningu og þjálfun starfsmanna til að takmarka starfsmannaáhættu.
 - Stefna um þjálfun sem tekur til allra starfsmanna og stjórnenda vátryggingafélagsins og hefur það að markmiði að auka áhættuvitund á meðal starfsmanna. Sér í lagi ætti hafa í huga starfsfólk tónadeildar).
 - Verklag til að koma í veg fyrir svik og peningabætti.

68. Vátryggingafélag ætti að sjá til að allir viðskiptasamningar séu samþykktir af starfsfólki sem til þess hafa viðeigandi heimildir og að gengið sé frá viðeigandi skjölum áður en viðskiptasamband hefst. Samninga sem eru ekki staðlaðir og viðbótarákvæði í stöðluðum samningum ber að skoða af til þess bærum aðilum.

2.6 Eiginfjárahætta

Skilgreining

69. Staða eigin fjár (og annarra viðurkenndra gjaldþolsliða) þarf að vera sterk svo að vátryggingafélög geti staðið við skuldbindingar sínar þó að þau verði fyrir áföllum.

Eiginfjárahætta er hættan á að gæði eða magn eigin fjár séu ekki nægileg til að geta mætt þessum kröfum. Eiginfjárstýring felur í sér stýringu á þessum áhættuþætti.

Almennt

70. Vátryggingafélag ætti að setja sér stefnu um eiginfjárstýringu sem tekur til eftirfarandi þátta:

- a. Lýsing á ferli sem tryggir að eiginfjárliðir uppfylli á hverjum tíma laga- og gæðakröfur. Stefnan tekur mið af flokkun eiginfjárliða í Solvency II og tiltekur með hvaða hætti eiginfjárliðir eru flokkaðir í viðeigandi flokk.
- b. Lýsing á ferli til að fylgjast með útgáfu eiginfjárliða í samræmi við stefnu félagsins til 5-10 ára.
- c. Lýsing á ferli til að tryggja að skilmálar og skilyrði eiginfjárliða séu skýr og leiði ekki til rangrar túlkunar.
- d. Lýsing á ferli til að tryggja að stefna og yfirlýsingar gefnar í tengslum við útgreiðslu arðs séu höfð í huga við mat á eiginfjástöðu.
- e. Þar sem eiginfjárliðir byggjast á því að afborganir eða útgreiðsla eru háðar fjárhagsstöðu vátryggingafélagsins (t.d. víkjandi lán), lýsing á ferli til að skilgreina og skjalfesta tilvik þar sem búist er við að útgreiðsla eiginfjárliða verði felld niður eða henni frestað.

71. Vátryggingafélag ætti að hafa til staðar stefnu um stýringu eigin fjár til 5-10 ára sem er á ábyrgð stjórnar félagsins. Stefnan ætti a.m.k. að taka tillit til:

- a. Fyrirhugaðrar útgáfu liða sem talist gætu til gjaldpöls.
- b. Gildistíma eiginfjárliða, þar sem tekið er bæði tillit til samningsbundins gildistíma og möguleika á afturköllun og endurgreiðslu.
- c. Hvernig útgáfa, afturköllun, endurgreiðsla eða aðrar breytingar sem geta haft áhrif á mat á eiginfjárliðum, geta haft áhrif á hvernig mörk eiginfjárliða í Solvency II eru uppfyllt.
- d. Framkvæmdar stefnu um arðgreiðslur.

72. Í stefnu um eiginfjárstýringu ætti vátryggingafélagið að taka tillit til niðurstaðna annarra þátta áhættustýringar og mats á fjármagnspörf samkvæmt ORSA ferlinu.

III. KAFLI

3 Starfssvið tryggingastærðfræðings

Verkefni tryggingastærðfræðings

73. Í undirbúningi vátryggingafélaga fyrir gildistöku Solvency II, ættu þau að tilnefna eða ráða aðila (hér eftir nefndur tryggingastærðfræðingur) sem mun hafa með höndum starfssvið tryggingastærðfræðings eins og það er skilgreint í 48. gr. tilskipunarinnar³.
74. Hafi tryggingastærðfræðingur með höndum önnur starfssvið sem skilgreind eru í tilskipuninni ætti vátryggingafélagið að tryggja að komið sé í veg fyrir hugsanlega hagsmunaárekstra sem af því gætu hlotist.

³ Sjá umfjöllun um 48. gr. í viðauka

75. Samstæða getur tilnefnt sama tryggingastærðfræðinginn, sem ber þá ábyrgð á þeim þáttum sem fjallað er um hér að neðan fyrir samstæðuna í heild.

Útreikningur váttryggingaskuldar

76. Tryggingastærðfræðingur undirbýr mat váttryggingaskuldar í samræmi við 76. – 85. gr. Solvency II tilskipunarinnar, samkvæmt nánari leiðbeiningum sem Fjármálaeftirlitið gefur út.
77. Tryggingastærðfræðingur ætti í sínum niðurstöðum að útskýra hvaða áhrif breytingar á milli ára á gögnum, aðferðum og forsendum hafa á niðurstöðu váttryggingaskuldar.

Gæði gagna

78. Tryggingastærðfræðingur ætti að sjá til að gæði gagna sem nýtast við útreikning váttryggingaskuldar séu í samræmi við kröfur Solvency II tilskipunarinnar⁴. Þegar það á við ætti tryggingastærðfræðingur að leggja til innra verklag til að bæta gæði gagna svo váttryggingafélagið uppfylli kröfurnar þegar Solvency II tekur gildi.

Stefna um áhættutöku og endurtryggingavernd

79. Tryggingastærðfræðingur ætti jafnframt að veita ráðgjöf um stefnu um áhættutöku (e. underwriting policy) og endurtryggingavernd og áhrif þessara þátta á váttryggingaskuld.

Upplýsingagjöf tryggingastærðfræðings til stjórnar

80. Tryggingastærðfræðingur ætti minnst árlega að veita stjórn váttryggingafélags skriflega skýrslu. Í skýrslunni ættu að koma fram helstu verkefni sem tryggingastærðfræðingurinn hefur unnið ásamt niðurstöðum. Ef við á ætti skýrslan að gefa til kynna hvar úrbóta er þörf og með hvaða hætti er hægt að bæta úr.

IV. KAFLI

4 Gagnaskil

4.1 Tölulegar upplýsingar

81. Mikilvægt er að áhættustýring váttryggingafélags skili niðurstöðum til stjórnar um stöðu félagsins. Í undirbúningi fyrir Solvency II felst að váttryggingafélög skila gögnum til Fjármálaeftirlitsins á því formi sem gert er ráð fyrir eftir gildistöku tilskipunarinnar.
82. Fjármálaeftirlitið mun því á árinu 2015, eigi síðar en í 22. viku ársins, óska eftir eftirtöldum upplýsingum vegna ársins 2014:
- Yfirlit gagna.
 - Grunnupplýsingar um skil félagsins.
 - Efnahagsreikningur.
 - Eignir og skuldbindingar eftir gjaldmiðlum.
 - Listi yfir eignir.
 - Opnir afleiðusamningar.
 - Váttryggingaskuld vegna líf- og heilsutrygginga.

⁴ Sjá 82. gr. Solvency II tilskipunarinnar og ákvæði í drögum að framseldri gerð (delegated acts)

- h. Vátryggingaskuld vegna skaðatrygginga.
- i. Eiginfjárliðir.
- j. Gjaldþolskrafa í heild.
- k. Gjaldþolskrafa vegna markaðsáhættu.
- l. Gjaldþolskrafa vegna mótaðilaáhættu.
- m. Gjaldþolskrafa vegna líftryggingaáhættu.
- n. Gjaldþolskrafa vegna heilsutryggingaáhættu.
- o. Gjaldþolskrafa vegna skaðatryggingaáhættu.
- p. Gjaldþolskrafa vegna rekstraráhættu.
- q. Gjaldþolskrafa vegna hamfaraáhættu.
- r. Lágmarksfjármagn vátryggingafélaga annarra en samsettra.
- s. Lágmarksfjármagn samsettra vátryggingafélaga.

83. Jafnframt mun Fjármálaeftirlitið vegna 3. ársfjórðungs 2015 óska eftirfarandi upplýsinga, eigi síðar en 8 vikum eftir lok ársfjórðungsins:

- a. Yfirlit gagna.
- b. Grunnupplýsingar um skil félagsins.
- c. Efnahagsreikningur.
- d. Listi yfir eignir.
- e. Opnir afleiðusamningar.
- f. Vátryggingaskuld vegna líf- og heilsutrygginga.
- g. Vátryggingaskuld vegna skaðatrygginga.
- h. Eiginfjárliðir.
- i. Lágmarksfjármagn vátryggingafélaga annarra en samsettra.
- j. Lágmarksfjármagn samsettra vátryggingafélaga.

84. Upplýsingarnar hér að ofan verða allar metnar miðað við aðferðir Solvency II. Á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins eru aðgengilegar nánari leiðbeiningar sem fela í sér:

- a. Leiðbeiningar vegna útfyllingar einstakra skýrslna.
- b. Leiðbeiningar um með hvaða hætti mat samkvæmt Solvency II fer fram.

4.2 Skýrsla vátryggingafélags um stjórnkerfi

85. Til viðbótar við þær tölulegu upplýsingar sem kallað verður eftir á undirbúningstímanum mun Fjármálaeftirlitið kalla eftir skýrslum vátryggingafélags um stjórnkerfi (e. system of governance), eiginfjástýringu og mat samkvæmt Solvency II, eigi síðar en í 22. viku ársins 2015. Í skýrslu um stjórnkerfi ætti eftirfarandi að koma fram:

- a. Lýsing á stjórnkerfi félagsins þannig að hægt sé að ganga úr skugga um að það sé viðeigandi m.t.t. rekstur félagsins og stefnu þess.
- b. Upplýsingar um innbyrðis skiptingu ábyrgðar og verka, skýrslugjöf og ráðstöfun starfssviða innan félagsins.
- c. Upplýsingar um stjórn og undirnefndir hennar, lýsingu á helstu verkefnum og ábyrgðarskiptingu innan stjórnar og nefnda.
- d. Siða- og starfsreglur stjórnar vátryggingafélagsins.

86. Skipurit félagsins ætti að fylgja með skýrslu vátryggingafélags.

87. Í skýrslu vátryggingafélags um stjórnkerfi ætti eftirfarandi að koma fram um fylgni félagsins við hæfniskröfur:

- a. Listi yfir aðila innan félagsins, eða utan félagsins hafi félagið útvistað starfssviðinu, sem eru ábyrgir fyrir lykilstarfssviðunum áhættustýringu, innri endurskoðun, regluvörslu, innra eftirliti og hlutverki tryggingastærðfræðings.
 - b. Upplýsingar um stefnur og verkferla innan félagsins sem tryggja að umræddir aðilar uppfylli hæfniskröfur.
88. Í skýrslu váttryggingafélags um stjórnkerfi ættu eftirfarandi upplýsingar að koma fram um áhættustýringu félagsins:
- a. Lýsing á áhættustýringarkerfum innan félagsins þar sem greint er frá stefnum, verkferlum og skýrslugjöf. Þá skal lýsa því hvernig kerfið sé viðeigandi og fært um að tilgreina, meta, mæla, stýra og milda áhættu á skilvirkan hátt.
 - b. Lýsing á því hvernig starfssvið áhættustýringar og áhættustýringarkerfi félagsins hafa áhrif á ákvarðanatöku og stjórnskipulag félagsins.
 - c. Upplýsingar um stefnu félagsins um áhættustýringu, markmið, verkferla og skýrslugjöf um hvern áhættuþátt fyrir sig. Þá ætti einnig að upplýsa um hvernig þessir þættir eru skjalfestir, mældir og hvernig þeim er framfylgt.
 - d. Lýsing á því hvernig félagið uppfyllir skyldur sínar vegna varfærnisreglunnar (e. prudent person principle) við fjárfestingaákvæðanir.
 - e. Lýsing á því hvernig félagið sannreynir að upplýsingar frá lánshæfismatsfyrirtækjum séu viðeigandi og að hvaða leyti upplýsingar frá slíkum aðilum eru notaðar.
89. Í skýrslu váttryggingafélags um stjórnkerfi ættu eftirfarandi upplýsingar að koma fram um innra eftirlit:
- a. Upplýsingar um innra eftirlitskerfi félagsins.
 - b. Lýsing á helstu verkferlum sem styðja við innra eftirlitskerfi félagsins.
 - c. Lýsing á framkvæmd regluvörslu innan félagsins.
90. Í skýrslu um stjórnkerfi ætti váttryggingafélag að greina frá öllum öðrum mikilvægum upplýsingum sem varða stjórnkerfið.
91. Skýrslu váttryggingafélags um stjórnkerfi má skila á samstæðugrundvelli.
92. Sé skýrslunni skilað á samstæðugrundvelli er óskað eftir eftirfarandi viðbótarupplýsingum:
- a. Lýsingu á samræmdri framkvæmd áhættustýringar, innra eftirlits og viðeigandi skýrslugjöf innan samstæðunnar.
 - b. Upplýsingum um útvistun innan samstæðunnar.
 - c. Eigind- og megindlegum upplýsingum um áhættuþætti sem eru sértækir fyrir samstæðuna.

4.3 Skýrsla váttryggingafélags um eiginfjárstýringu

93. Í skýrslu váttryggingafélags um eiginfjárstýringu ætti eftirfarandi að koma fram um eigið fé félagsins:
- a. Greinargerð um umtalsverðan mun á milli eigin fjár samkvæmt ársreikningi og mismun eigna og skuldbindinga metinn samkvæmt Solvency II.
 - b. Greinargerð um uppbyggingu, fjárhæð og gæði kjarna-eiginfjár (e. basic own funds) og viðbótareiginfjár (e. ancillary own funds).
94. Í skýrslu samstæðu ætti eftirfarandi að koma fram um eigið fé samstæðunnar:

- a. Hvernig eigið fé hefur verið reiknað að frádregnum viðskiptum innan samstæðu, þ. á m. viðskiptum við félög af öðrum sviðum fjármálamarkaðar.
- b. Ef við á ætti að gera grein fyrir takmörkunum á möguleika á flutningi eiginfjárliða innan samstæðunnar.

4.4 Skýrsla váttryggingafélags um mat samkvæmt Solvency II

95. Í þessum kafla er með hugtakinu „mikilvægt“ átt við upplýsingar sem eru það mikilvægar að ef þeim væri sleppt gæfi það ranga mynd af stöðu váttryggingafélagsins.
96. Í skýrslu váttryggingafélags um mat samkvæmt Solvency II ætti eftirfarandi að koma fram um mat félagsins á eignum:
 - a. Fyrir hvern mikilvægan eignaflokk ætti að koma fram virði eignanna ásamt lýsingu á því hvaða grunni, aðferðum og forsendum matið byggist.
 - b. Fyrir hvern mikilvægan eignaflokk ætti að gera grein fyrir umtalsverðum mun á grunni, aðferðum og forsendum sem notað er í mati samkvæmt Solvency II annars vegar og samkvæmt ársreikningi hins vegar.
97. Í skýrslu váttryggingafélags um mat samkvæmt Solvency II ætti eftirfarandi að koma fram um mat á váttryggingaskuld:
 - a. Fyrir hvern mikilvægan flokk váttrygginga ætti að koma fram virði váttryggingaskuldar, þ. á m., besta mat (e. best estimate) og áhættuálag (e. risk margin) ásamt lýsingu á því á hvaða grunni, aðferðum og forsendum matið byggist. Notuð er sú flokkun sem gert verður ráð fyrir í útreikningi váttryggingaskuldar í Solvency II.
 - b. Lýsing á óvissu sem felst í mati á váttryggingaskuld.
 - c. Fyrir hvern mikilvægan flokk váttrygginga á að gera grein fyrir umtalsverðum mun á reiknigrundvelli aðferðum og forsendum sem notað er í mati annars vegar samkvæmt Solvency II og samkvæmt ársreikningi hins vegar.
 - d. Lýsing á því hvernig váttryggingaskuld í hlut endurtryggjenda er metin.
98. Í skýrslunni ætti að gera grein fyrir tryggingastærðfræðilegum aðferðum og forsendum sem notuð eru við útreikning váttryggingaskuldar, þ. á m. lýsing á einföldunaraðferðum sem notaðar eru. Þetta á sér í lagi við um mat á áhættuálagi, dreifingu þess á váttryggingagreinar og rökstuðning fyrir því að sú aðferð sem valin er sé í samræmi við eðli, stærð og margbreytileika áhættunnar.
99. Í skýrslu váttryggingafélags um mat samkvæmt Solvency II ætti eftirfarandi að koma fram um mat félagsins á öðrum skuldbindingum en váttryggingaskuld:
 - a. Fyrir hvern mikilvægan flokk skuldbindinga ættu að koma fram upplýsingar um matið, auk lýsingar á því á hvaða matsreglum, aðferðum og forsendum matið byggist.
 - b. Fyrir hvern mikilvægan flokk skuldbindinga ætti að gera grein fyrir umtalsverðum muni á matsreglum, aðferðum og forsendum sem notað er við mat annars vegar samkvæmt Solvency II og samkvæmt ársreikningi hins vegar.
100. Í skýrslu váttryggingafélags um mat samkvæmt Solvency II ættu að koma fram aðrar upplýsingar sem máli skipta varðandi mat á eignum og skuldbindingum.

101. Ef um er að ræða notkun á útreiknuðu virði (e. mark to model) ætti skýrslan að veita upplýsingar um:
- a. Til hvaða eigna og skuldbindinga notkun á þeim aðferðum nær.
 - b. Rökstuðning fyrir notkun aðferðanna.
 - c. Forsendur í matinu.
 - d. Mat á óvissu sem leiðir af notkun matsaðferðanna.
102. Samstæður ættu að veita upplýsingar samkvæmt 85.-101. tölul. og þar að auki gera grein fyrir ef grundvöllur mats, aðferðir og forsendur hjá samstæðunni eru verulega frábrugðnar þeim aðferðum sem dótturfélög samstæðunnar nota.

Viðauki: Starfssvið tryggingastærðfræðings samkvæmt Solvency II tilskipuninni

48. gr. tilskipunarinnar er svohljóðandi í núverandi drögum nefndar fjármálaráðaneytisins að frumvarpi til innleiðingar Solvency II:

Starfssvið tryggingastærðfræðings skal vera eftirfarandi:

- (a) sjá um útreikning á vátryggingaskuld;
- (b) tryggja notkun á forsendum, viðeigandi aðferðum og undirliggjandi líkönum við útreikning á vátryggingaskuld;
- (c) meta hvort gögn sem notuð eru við útreikning á vátryggingaskuld séu nægileg og fullnægjandi;
- (d) bera saman besta mat við reynslu;
- (e) upplýsa stjórn um hvort vátryggingaskuld sé áreiðanleg og viðeigandi.
- (f) umsjón með útreikningi á vátryggingaskuld þegar hún er reiknuð miðað við hvert tjónstilvik fyrir sig,
- (g) hafa skoðun á áhættutöku félagsins,
- (h) hafa skoðun á endurtryggingavernd félagsins,
- (i) leggja sitt af mörkum til að áhættustýringarkerfi félagsins sé skilvirkt, sér í lagi varðandi útreikning áhættu vegna gjaldþolskrafna og vegna eigin áhættu- og gjaldþolsmats.

Starfssviði tryggingastærðfræðings skal sinnt af aðilum með þekkingu á tryggingastærðfræði og fjármálastærðfræði í samræmi við eðli, umfang og margbreytileika þeirrar áhættu sem fylgir starfsemi vátryggingafélagsins og sem geta sýnt fram á, að þeir hafi þá reynslu sem við á við notkun á þeim stöðlum sem tengjast faginu svo og öðrum stöðlum.

Fjármálaeftirlitinu, 22. maí 2014



Jón Þór Sturluson



Lilja Rut Kristófersdóttir